Samþykkt þann
2 JAN 2008
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson



Afstöðumynd

Mkv. 1:500

BYGGINGARLÝSING

ALMENN LÝSING
Atvinnuhúsið við Tjarnavelli 9 er fjögura hæða bygging sem er staðsteypt með vottuðum gólf og þak-holplötueiningum. Byggingin nær næstum yfir alla lóðina. Bilastæði eru samkvæmt gr.4,5 í skipulagsskilmálum á sameiginlegri lóð sem afmarkast af helgunarsvæði Reykjanesbrautarannars vegar og að aðliggjandi lóðum hins vegar.
Húsið er ætlað verslun og þjónustu. Starfsemi hússins er óljós þannig að allt rými er óráðstafað og starfsmannafjöldi ekki þekktur.

BURÐARVIRKI
Sökklar , botnplata , burðarsúlur, berandi út- og innveggir eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu. Milligólf, þakplötur(holplötur), stigar á milli hæða og berandi burðarbitar eru úr vottuðum einingum.

EINANGRUN OG KLÆÐNING
Sökklar og botnplata eru einangruð með 75 mm plasteinangrun.
Útveggir eru að hluta til staðsteyptir og að öðrum hluta til glerjuðu gluggakerfi (Curtain wall). Staðsteyptir útveggir eru einangraðir að utan með 100mm. steinull. Þakvirkið er einangrað að ofan með 200 mm. sniðskorinni plasteinangrun sem hefur 2% vatnshalla að niðurfallsrörum. Gluggar eru úr áli og glerjaðir með tvöföldu lagi af K-gleri með lágu U-gildi 1.5 W/m² K. Á suður og vestur hlið er gler sérstaklega varið fyrir inn og út hitageislun Útveggir jarðhæðar og björgunarstigahúsa á gólfum eru klæddir með flísalögn sem límd er á sérstakt festingarkerfi á burðarvirki útveggja. Þakið er varið með viðurkenndum þakdúk(T-vörn) sem dýbblaður er niður. Hluti þaks einnar hæðar byggingar sem myndar terrassa fyrir aðra hæð skrifstofubyggingar er byggður upp með filterlagi ofan á þakdúk.Ofan á þakdúkin er sandlag og síðan hellur.

AÐRAR LÝSINGAR
Í húsinu er gert ráð fyrir einni fólkslyftu ásamt stiga milli hæða. Ennfremur er gert ráð fyrir tveim öryggisstigahúsum á sitthvorum gafli hússins Milli hæða er gert ráð fyrir sérstökum loftstokkum svo og lagnastokkum.(eldvarnarkröfur EI60). Húsið er hitað upp með gólfhitalögn og hefðbundnu ofnakerfi að hluta.
Í aflokuðum gluggalausum innrýmum skal vera loftræsting. Í votrýmum, sorpgeymslu tæknirými og bílageymslu skal gera ráð fyrir gólfniðurföllum. Allar hurðar inn í skrifstofurými skrifstofuhluta byggingar eru opnanlegar með rafknúnum útbúnaði fyrir hreyfihamlaða.

KÓLNUNARTÖLUR
Kólnunartölur hússins skulu standast ákvæði byggingarreglugerðar gr 180.3 sem hér segir

U-gildi þaks	0.20 W/m² K
U-gildi Útkragandi gólfplötu 2. hæðar	0.20 W/m² K
U-gildi Útveggja vegið meðaltal	0.85 W/m² K
U-gildi Útveggja	0.40 W/m² K
U-gildi glugga	1.5 W/m² K
U-gildi Hurða	3.0 W/m² K

STÆRÐARMÁL

Flatarmál húss	4.718,1 m²
Rúmmál húss	19.836,7 m³
Lóðarstærð	2381,7 m²
Nýtingarhlutfall	1.98

Brunavarnir:

Brunasamstæður
Verslanir á fyrstu hæð mynda eina brunasamstæðu, u.þ.b. 2300 m2, en skiptast upp í fjögur brunahólf.
Hver skrifstofuhæð myndar sér brunasamstæðu en skiptist í fjögur brunahólf.
Stigahús mynda brunastúku á milli hæða.

Brunahólfun
Brunahólf skulu almennt vera a.m.k. EI 60 veggir með EI2 30-CSm/E 30-CSm hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a.m.k. E30.
Hver verslun verður sér brunahólf.
Inntaksklefi vatnsúðakerfis verður sér brunahólf.
Sorpgeymsla verður sér brunahólf.
Hver skrifstofa á efri hæðum verður sér brunahólf.
Stigahús eru sér brunahólf.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja verður a.m.k. R90.
Brunamótstaða burðarvirkis þaks verður a.m.k. R60.
Brunamótstaða burðarvirkis stiga verður a.m.k. A-R30.
Hæðaskil verða a.m.k. REI90.

Klæðningar
Allar innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Utanhúsklæðningar verða í flokki 1.
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki B(roof.). (t2).

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 25 m í útgang eða annað brunahólf.
Frá hverri verslun verða tvær óháðar flóttaleiðir um tvær tvöfaldar hurðir.
Frá hverri skrifstofu eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir.
Flóttahurðir frá verslunum skulu búnar neyðaropnunarbúnaði (panik).

Loftræsikerfi
Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýni ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.
Bruna- og reyklokur (a.m.k. EIS60/ES60) verða í brunasamstæðuskilum / meginbrunahólfunarskilum.
Loftræsikerfi skulu slökkva á sér við boð frá vatnsúðkerfi eða handboða.
Við brunaboð skulu brunalokur lokast.

Reyklosun
Reyklosun úr öllum stigahúsum verður með reyklúgu a.m.k. 1,0 m2 sem hægt er að opna með hnappi frá neðstu hæð.
Reyklosun frá verslunum og skrifstofum verður um glugga og hurðir.

Vatnsúðakerfi
Sjálfvirkt vatnsúðakerfi skv. reglugerð nr. 245/1994 verður í öllu húsinu. Vatnsúðakerfið verður tengt stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis.
Áhættuflokkur fyrir verslanir verður ákveðinn í endanlegri brunahönnun.
Gera má ráð fyrir að kerfið verði flokki OH1 á skrifstofuhæðum.
Klefi með stjórnbúnaði fyrir vatnsúðakerfi verður í sér brunahólfi og aðgengilegur utanfrá.

Stigleiðsla
Í flóttastigahúsum í göflum hússins verður komið fyrir stigleiðslum fyrir slökkviliðið skv. gr. 163 í byggingarreglugerð. Inndæling inn á stigleiðslur verður við útgöngudyr úr stigahúsi.

Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli verða sett upp í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.
Slökkvitæki skulu m.a. staðsett við brunaslöngur en auk þess vera í kaffistofum, eldhúsum og tæknirýmum. Hámarks fjarlægð í næsta slökkvitæki má hvergi vera meira en 25 m. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila.
Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum af hæfilegri stærð miðað við sjónfjarlægð.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux í stærri rýmum (>60 m2) svo sem í verslunum og skrifstofum en einnig í fólkslyftum og salernum fyrir fatlaða.
Neyðarlýsing verður í tæknirýmum.
Lýsing þarf að vera utanhúss við neyðarstiga og útidyr flóttaleiða.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunavarnabúnaði loftræsikerfa, reyklúgum, handvirkum slökkvibúnaði, út- og neyðarlýsingu, vararafmagni rennihurða). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Tjarnarvelli 9, Hafnarfirði.

Sjá nánar um brunavarnir í skýrslu VSI nr: 00-197-bh01.

Tjarnavellir 9	
blað	verkhluti
L101	Afstöðumynd
L102	Hæðarlega lóðar
A101a	Grunnmynd 1.hæð
A101b	Grunnmynd 1.hæð
A102	Grunnmynd 2.hæð
A103	Grunnmynd 3.hæð
A104	Grunnmynd 4.hæð
A201	Norður og Vestur útlit
A202	Austur og Suður útlit
A301	Snið S.1 og S.2
A302	Snið S.3
A601	Skráningartafla

TÁKN

GN	= Gólfniðurfall
ÞN	= Þaknniðurfall
LR	= Loftræsting
VLR	= Vélrænn loftræsting
PK	= Póstkassar
NL	= Neyðarljós
BO	= Björgunarop
R	= Reykskynjari
HSL	= Handslökkvitæki
ÚT ▶	= Merktur útgangur
BO	= Felliloki yfir björgunarop
	= Brunaslanga
	= Stigleiðsla
	= Stigleiðsla út
	= Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis
	= Inntak
	= Bílastæði fyrir fatlaða
EI60	= Veggir og hæðaskil
EI90	
A-EI60	
A-EI120	
REI60	
REI120	
A-REIM120	
E-CS30	= Hurðir
EI-CS30	
EI-CS60	
E30	= Gluggar

BREYTING

Breyting:	Dagsetning	Teiknað	Yfirfarið
1	20.12.07	MC	KR

Breyting vegna athugasemda

1:500 0 5 10 15 20 25 m

KRark
Kristinn Ragnarsson arkitekt ehf.
Suðurlandsbraut 4a - 3.hæð , 108 Reykjavík . Ísland
S. 564 2255 . Fax. 544 4225
Kt. 581298.3589 . www.krark.is . krark@krark.is

Tjarnavellir 9
Hafnarfjörður
Afstöðumynd

Verknúmer:	07089AV	Verkefnastjóri:	YAI
Hönnun:	KR.YAI	Teiknað:	YAI
Yfirfarið:	YAI	Samþykkt:	Kristinn Ragnarsson Kt. 120944.2669
Mælikvarði:	1:500	Dagsetning:	04.12.2007
Skrá:	07089AV-L101.dwg	Blað:	L101

Copyright © KRark

Save: 20.12.2007 14:53:06 Plot: 20.12.2007 15:18:46